

## **Fundargerð tuttugasta og sjöunda fundar skráningarráðs Gegnis fimmtudaginn 30. nóvember 2006**

haldinn hjá Landskerfi bókasafna, Borgartúni 37, fundarherbergi 5A, kl. 13:30-16:30.

**Fundarmenn:** Guðný Ragnarsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir (formaður) og Þórdís T. Þórarinsdóttir (fundarritari). Fanney Sigurgeirsdóttir boðaði forföll.

Auk þess sátu fundinn þær Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis, Sigrún Hauksdóttir sérfræðingur hjá Landskerfi bókasafna og Ragna Steinarsdóttir fagstjóri. Einnig sat Sveinbjörg Sveinsdóttir framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna fundinn.

### *Dagskrá*

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Skráning blandaðs efnis
3. Skráning tölvugagna
4. Skráning tungumálanámskeiða
5. Greining útgáfuárs
6. Efnisorðavinna
7. Skráningarheimildir
8. Önnur mál

### **1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerðin yfirfarin og samþykkt með breytingum. Fundarritari sendir út nýja útgáfu fundargerðar.

### **2. -4. Skráning blandaðs efnis, tölvugagna og skráning tungumálanámskeiða**

Ákveðið að fjalla um liði 2-4 saman. Með blönduðu efni er átt við þegar sett mismunandi gagna eru skráð saman sem ein heild. Dreift var skjali frá HG (Hildi Gunnlaugsdóttur) frá 21.12.2005 (sjá Fskj. 1) um *FMT. MX Samsett gögn*. Ákveðið var að stofna sameiginlegan frumhóp um skráningu blandaðs efnis, tölvugagna og tungumálanámskeiða (sbr. dagskrárliði 2-4) sem síðar skiptist niður í smærri hópa um hvert form fyrir sig. Dreift var skjali HG frá 30.11.2006 (sjá Fskj. 2) um *Format = CF (Computer files = Tölvugögn)*. Fyrsta skrefið er að skilgreina hvað falli undir hvert form.

Fram komu tillögur um að skipa eftirfarandi í vinnuhóp um málið: Árný Þórólfsdóttir, Fanney Sigurgeirsdóttir, Hulda Ásgrímsdóttir, Kolbrún Andrésdóttir, Kristín Gústafsdóttir, Martha Ricart, Sigrún Guðnadóttir, Sóley Hjartardóttir og Þóra Hólm. Hulda Ásgrímsdóttir kallar hópinn saman.

### **5. Greining útgáfuárs**

Dreift var skjalinu, *Greining útgáfuárs á bókum* (án dags.) og farið yfir efni þess (sjá Fskj. 3). Nokkrar umræður voru um skjalið m.t.t. hvernig færi best á að greina nýjasta ártal á riti, t.d. hvort setja ætti höfundarréttarar í athugasemdir. Rætt hvort aðrar reglur ættu að gilda um íslenskt en erlent efni þar sem nýjasta útgáfa erlends efnis væri e.t.v. ekki til á landinu heldur aðeins síðari prentanir. Rætt hvort skrá eigi íslenskar bækur, sem koma út í kilju sem 2. útg., sem eina eða tvær færslur (sbr. *Baróninn* frá 2005 sem lagður var fram sem dæmi). Fram kom það sjónarmið að sama texta ætti að skrá í sömu færslu. Einnig kom það sjónarmið að skrásetjarar gætu varla farið að bera texta mismunandi útgáfna saman. Afgreiðslu var frestað og ákveðið að skoða málið betur.

## 6. Efnisorðavinna

Sbr. lið 4 í fundargerð 26. fundar frá 28. september síðastliðnum og skjal um *Framtíð efnisorðavinnu í Gegni*, dags. 26. september 2006 sem fjallað var um á síðasta fundi.. Kynnt var að formaður skráningarráðs og Alefli sendu stjórn Landskerfis bréf varðandi málið. Fram kom að fjallað var ítarlega um erindið um framtíð efnisorðavinnu á stjórnarfundum Landskerfis bókasafna í gær (29. nóv.). Stjórnin ákvað að fresta afgreiðslu málsins, kynna sér það nánar og fá sérfræðinga til að kynna málið betur fyrir stjórninni á næsta stjórnarfundum sem verður haldinn 20. desember næstkomandi.

## 7. Skráningarheimildir

Rakið var mál varðandi athugasemdir til skrásetjara, sbr. fundargerð síðasta fundar. Kynnt voru bréfaskeypti um málið. Fram kom að hlutaðeigandi hefur gert leiðréttingar á færslum en ekki alltaf fullnægjandi. Ennfremur að viðkomandi hafði skráð sig á skráningarnámskeið hjá Endurmenntun sem féll niður vegna ónógrar þátttöku. Einnig kom fram að 7. og 8. des. verður haldið skráningarnámskeið í Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni sem viðkomandi er skráður á. Þar sem vitað er að hlutaðeigandi ætlar á skráningarnámskeiðið til að auka færni sína var ákveðið að fresta frekari afgreiðslu málsins nema formaður skrifar bréf til viðkomandi og yfirmanns hans.

## 8. Önnur mál

- a) *Ábyrgðarmenn skráningar*. Fram kom hjá Sigrúnu að halda þarf fund með ábyrgðarmönnum skráningar. Stefnt skal að slíkum fundum á nýju ári.
- b) *856 sviðið*. Fram kom hjá Guðnýju að mikið er um að gleymist að setja slóð í 856 sviðið. Ákveðið að Guðný sendi ábendingu og hvatningu varðandi málið á Vöndu, póstlista skrásetjara.
- c) *Næsti fundur*  
Stefnt að næsta fundum um miðjan janúar 2007.

*Þórdís T. Þórarinsdóttir ritaði fundargerð 3. desember 2006*